



Kennsluáætlun 2026-2027

5.-7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 4 klst.

Markmið:

Talnaskilningur og reikningsaðgerðir

Að nemendur

- verði sterkir í reikningsaðgerðunum fjórum, bæði í huganum og á blaði, og skilji vel samhengið á milli þeirra.
- kunni margföldunartölur upp í 12 utan að.
- afli sér góðs skilnings á tugakerfinu og sætiskerfisrithætti.
- nái tökum á tugabrotum og almennum brotum og sambandi þeirra á milli og geti notað þau í líkindareikningi.

Mælingar og rúmfræði

Að nemendur

- læri að mæla af nákvæmni, reikna út mismunandi stærðir í rúmfræði og verði öruggir í að breyta á milli lengdar- og þyngdareininga.

Vinnubrögð og vinnulag

Að nemendur

- tileinki sér góð vinnubrögð, þ.m.t. samfellda og einbeitta vinnu, sjálfstæði við að rýna í dæmi, skráningu lausnaleyða og snyrtilegan frágang í stílabókum.

Tjáning og samvinna

Að nemendur

- geti tjáð sig munnlega um stærðfræði í samtali við kennara og bekkjarafélaga.
- geti unnið einir og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka og finna lausnir á viðfangsefnum.

Tækni og upplýsingalæsi

Að nemendur

- læri grunnaðgerðir í töflureikningi.

Rökhugsun og lausnaleit

Að nemendur

- geti leyst þrautir og rökstutt svör.
- læri að taka ábyrgð á námi sínu (t.d. með því að fylgja áætluninni og halda utan um vinnu sína).

Lykilhæfni

Að nemendur

- þjálfast í að tjá sig munnlega um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýra lausnaleyðir og hlusta á sjónarmið annarra.
- læra að rýna í viðfangsefni, prófa mismunandi lausnaleyðir og rökstyðja niðurstöður sínar.
- þjálfast bæði í sjálfstæðum vinnubrögðum og í samvinnu við aðra við að rannsaka, greina og leysa verkefni.
- kynnast notkun stafrænna verkfæra, svo sem töflureiknis og vefsíðna, til að styðja við nám sitt.
- læra að fylgja áætlun, halda utan um eigin vinnu og taka ábyrgð á framvindu náms síns.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Bóklegir tímar:
 - Nemendur vinna einstaklingsvinnu eftir kaflaáætlun í kennslubókum.
 - Áætlanir gefa sterkari nemendum tækifæri til að vinna með efni fyrir hærri bekk.
 - Nemendur eru hvattir til samtala um stærðfræði samhliða vinnu.
 - Í upphafi eða lok hvers tíma eru 15 mínútur til uppbrots, þar sem kennarinn er með aukaefni til að æfa sérstaka þætti eða rifja upp atriði sem hafa verið kennd áður.
- Hugarreikningstímar:
 - Flestir nemendur leysa dæmi í umslögum, annaðhvort í einstaklings- eða paravinnu.
 - Á meðan vinnur einn kennari með litlum hóp í ákveðnum hugarreikningsaðferðum.
- Einstaklingsnám:
 - Nemendur sem þurfa meiri stuðning í námi fá aðlagð efni og aukna aðstoð í tímum.

Námsmat:

- Símat fer fram í tímum þar sem kennarar veita nemendum stöðuga endurgjöf með samtölum og spurningum.
- Farið er vikulega yfir stílabækur nemenda og mistök merkt. Nemendur leiðrétta þau síðan í tímum og kennarar ræða við þá og ganga úr skugga um að skilningur hafi náðst.
- Þrisvar sinnum á ári er haldið staðlað stöðumat þar sem nemendur þurfa að leysa dæmi í grunnaðgerðum og flóknari dæmum, t.d. brotareikningsdæmi eða að umreikna einingar. Tilgangur námsmats er að meta skilvirkni kennslunnar og framfarir einstaklinga yfir lengri tíma (frá 5.–10. bekk).
- Kaflapróf: Í lok kafla leysa nemendur próf úr kennslubókum og fá endurgjöf um stöðu hæfni.

Námsgögn:

- Stika-bækur (nemenda- og æfingabækur)
- Umslög með safni af hugarreikningsdæmum í mismunandi flokkum
- Blöð útbúin af kennara til að þjálf ákveðnar aðgerðir eða rifja upp
- Öpp og vefsíður (t.d. timestables.com)
- Brot, einingakubbar o. fl.